# Stjórnarfundur í Þyt, haldinn 30. okt. 2019.

Mættir: Gunnar Geir, Árni Geir, Gunnar Freyr, Friðrik Hafberg og Árni Þór.

1. Gunnar Geir greindi frá framkvæmdum aðgerðum af verkefnalista:
   - Smíði vagns undir Secret bát er lokið.
   - Búið er að kaupa vél til að þrífa ramp.
   - Búið er að kaupa skurðvél til notkunar við merkingar.
2. Stjórn var upplýst um að þjálfari hefði hætt störfum og hyggist nú snúa sér að öðrum verkefnum.
3. Fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram fyrir íþróttafúlltrúa.
4. Framlenging bryggju er lokið og verið er að smíða fingur til að festa við bryggjuna.
5. Rædd kaup á lyktarlausum niðurföllum.
6. Eftirlitsbátur. Sú niðurstaða liggur fyrir að eftirlitsbáturinn sem skemmdist í sumar var ekki tryggður gagnvart þess konar tjóni. Ástæðan er orðalag í samningi. Sjóvá mun samt sem áður leggja til bætur sem dekka hluta tjónsins. Formanni fallið að klára málið og koma bátnum í gagnið.
7. Formaður fór fram á heimild til að senda beiðni til bæjaryfirvalda um áætlun varðandi endurnýjun eftirlitsbáta. Heimild veitt.
8. Borin upp tillaga um að senda inn beiðni um fjármagn til að standa straum af gerð líkans að fyrirhugaðri aðstöðu klúbbsins. Með slóku líkani væri betur hægt að gera sér grein fyrir þörfum starfseminnar. Tillaga rædd og samþykkt.
9. Rætt og samþykkt að fá rafvirkja til að laga segulrofa og fl í töflu.
10. Tryggingarmál rædd.

    Fundinn ritaði Árni Hilmarsson

*Gunnar Geir Halldórsson formaður*